

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 227/2012**

2013/EES/16/17

frá 15. mars 2012

**um leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) sem fæðuraukefni fyrir allar dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fæðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fæður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fæðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 16. nóvember 2011 <sup>(2)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða

á umhverfið og blandan geti mögulega bætt framleiðslu á votfæðri úr öllum fæðurlutum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurræfna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fæðuraukefnin í fæðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfæður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fæður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2448.

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ómnur ákvæði	Leyfi rennur út
						innihald	innihald		
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í voffóður						Þyppingaföldi (CFU)/kg fersks efnis			
1k2083	—	<i>Lactococcus lactis</i> (NCIMB 30117)	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Lactococcus lactis</i> (NCIMB 30117) sem inniheldur að lágmarki $5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> <i>Lactococcus lactis</i> (NCIMB 30117) <i>Greiningaraðferð</i> <sup>(1)</sup> Ákvörðun á heildarfjölda í fóduraukefninu: áhellingaraðferð þar sem notaður er MSR-agar (ISO 15214) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýra- tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksstammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í voffóður: $1 \times 10^8$ CFU/kg fersks efnis. 3. Væðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	5. apríl 2022

<sup>(1)</sup> Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirlitandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)